

Námsáætlun í textílmennt/taulitun og þrykk veturinn 2016-2017 10. bekkur

Áfangalýsing og kennsluhættir

10. bekkur er einu sinni í viku í textílmennt, 2 klukkutíma í senn í 6 skipti. Nemendur prófa fjölbreyttar aðferðir við tauprykk og kynnst taulitun. Þeir læra að búa til stensla og stimpla, velja aðferð og þrykkja á bol. Lita gamla flík eða poka. Verkefni verða lögð inn fyrir allan hópinn og vinnuferlið útskýrt, t.d. með því að horfa á kennslumyndbönd. Síðan einstaklings- og parakennsla. Lögð verður áhersla á að hver nemandi er einstakur og reyni að gera SITT besta. Allir vinna eftir sínum forsendum og á sínum hraða. **Lögð verður mjög mikil áhersla á samhjálp og samvinnu.**

Tímab	Viðfangse.	Lýsing	Hæfniviðmið aðalnámskrár
	Taulitun og þrykk	Prófa eftirfarandi aðferðir við þrykkja: með keyptum stimpli, heimatilbúnum stimpli, með laufblaði, lauk, kartöflu, sítrónu, epli eða öðru lífrænu, með glæru-stensli (plastþynnustensli). Nota stafaspjald, blúndu, Málningarlímband og olíulit. Lærir að búa til stensil og stimpil: stensil úr freeser paper, stensil úr glæru, stimpil úr snúru, vaskasvampi eða öðru sem þú finnur í stofunni og færð leyfi til að nota Velja eina eða fleiri aðferðir og útbúa mynstur og þrykkja á bol og/eða poka Prófa eftirfarandi við taulitun/aflitun: að úða lit í gegn um skapalón t.d. Blúndu, að úða klór í gegn um skapalón t.d. glæru, að lita með köldum lit og strá salti yfir, og fleira ef tími vinnst til. Lita gamlan bómullarbol og/eða poka í litabaði (tie-die).	Sameiginleg f. list- og verkgreinar Menningarlæsi Nemandi getur: 1 beitt tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt, 2 tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi, 3 sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði, textílmennt Handverk, aðferðir og tækni Nemandi getur: 4 beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílaforða, Sköpun, hönnun og útfærsla Nemandi getur: 5 beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu 6 skreytt textílaforð á skapandi og persónulegan hátt,

Námsgögn

Efni: Bómullarefni og bolir. Fatalitir og tauprykkslitir.

Áhöld: Stimplar og stenslar, glæru og freeser-paper, allskyns áhöld til þrykks og taulitunar, straujárn og fleira

Námsmat

Námsmat tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Þá er almenn færni í námsgreininni metin. Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir tímabilið.

Kennari

Marta Aðalh. Hinriksdóttir; Martaa@akmennt.is